

13. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 17. janúar kl. 18.00 var haldinn 13. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lagðar voru fram fundargerðir 11. og 12. fundar og voru þær samþykktar og staðfestar með undirritun fundarmanna þeirra funda.

Dagskrá:

1. Fundur með styrktaraðilum HRFÍ kl. 18.30

Dýrheimar sf. umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, Sláturfélag Suðurlands umboðsaðili Pedigree á Íslandi og Dýrabær ehf. óskuðu eftir fundi með stjórn til að ræða störf starfsmanns félagsins hjá samkeppnisaðila. Verkefnastjóri félagsins hefur sem lið í undirbúningi fundarins gert stjórn grein fyrir þeim styrkjum sem félagið hefur fengið á árinu 2016, þeim samningum sem til eru og hvernig fyrirkomulagið hefur verið.

Stjórn fagnaði því að fá tækifæri til að setjast niður með styrktaraðilum félagsins. Í upphafi gerðu styrktaraðilar grein fyrir ástæðu þess að þau óskuðu eftir fundi og voru þau atriði rædd á opinskáan og heiðarlegan hátt. Þá var horft til framtíðar og ákveðið að fulltrúi sýningastjórnar ásamt verkefnastjóra myndi í framhaldinu eiga fund með hverjum og einum styrktaraðila félagsins til að ræða ýmis atriði sem betur mættu fara.

2. Reglur fyrir Vinnupróf retrieverhunda (WT)

Stjórn samþykkir vel unnar reglur um Vinnupróf retrieverhunda. Sjá fylgiskjal 1.

3. Erindi DÍF frá 9. september 2015 um gildistíma augnskoðana

Stjórn varð fyrir vonbrigðum með hversu lítið rökstutt álit Finn Boserup var og tók ekki á þeim spurningum né fól í sér álit á því sem lagt var fyrir hann. Með hliðsjón af þessu er erindi DÍF og álit Finn sent til Vísindanefndar og óskað eftir umsögn og leiðsögn um næstu skref. Afrit af svarinu skal einnig sent stjórn DÍF þannig að þeim sé gefinn kostur á að koma athugasemdum við áliti Finns til nefndarinnar.

4. Umsóknir um veiðipróf

Stjórn taldi mikilvægt að funda með tveimur deildum til að geta afgreitt veiðipróf þeirra. Kallað var eftir frekari gögnum í tilfalli DESÍ og einnig var þétt dagskrá prófa nokkuð sem þyrfti að ræða við DESÍ og FHD.

5. Fundur með stjórn Deildar ensks setters kl. 19.30

Einar Guðnason mætti fyrir hönd stjórnar Deildar ensks setters og gerði grein fyrir gögnum sem upp á vantaði í umsókn deildarinnar um veiðipróf fyrir árið 2017. Í umsókninni var ekki samræmi milli fjölda prófa og dómara ásamt því að upplýsingar vantaði um prófstjóra allra prófanna. Ekki var gerð grein fyrir styrk upp á 80.000 kr. Þar sem deildin óskaði eftir að halda prófin í sjálfstæðum fjárhag vantaði upplýsingar um staðfestingu á kennitölu og öðru því viðkomandi. Einar útvegaði hluta af þeim upplýsingum sem upp á vantaði og mun senda með tölvupósti önnur gögn sem upp á vantar.

Stjórn greindi einnig frá áhyggjum sínum af þéttri dagskrá veiðiprófa.

6. Fundur með stjórn FHD kl. 19.45

Kristín Jónasdóttir og Unnur Unnsteinsdóttir mættu fyrir hönd stjórnar FHD.

Stjórn samþykkti umsókn FHD um veiðipróf háð því skilyrði að breytt umsókn verði send til stjórnar til samræmis við það sem samkomulag varð á fundinum.

Á síðasta fundi var stjórn sammála um að samþykkja veiðipróf fyrir meginlandshunda sem „opið próf“ þar sem dómari gæfi einkunnir og umsagnir líkt og í hefðbundnum prófum. Hins vegar yrði árangurinn ekki skráður í gagnagrunn. Þetta fyrirkomulag var rætt með fulltrúum stjórnar FHD og eftir nokkrar umræður urðu aðilar ásáttir um að þetta væri besta niðurstaðan miðað við forsendurnar í dag. Ef vel tækist til yrði

sjálfsagt að skoða það að prófin yrðu haldin sem hefðbundin veiðipróf.

7. RA ehf. Breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn

Lögð voru fram gögn til undirritunar vegna breytinga á stjórn og framkvæmdastjórn.

8. Sala húsnæðis á 3. hæð Síðumúla 15

Lögð voru fram gögn til undirritunar vegna forkaupsréttar á Síðumúla 15.

Fundið slitið kl. 20.30. Næsti fundur boðaður þriðjudaginn 6. febrúar kl. 18.00.